

2025 - 2026
10. bekkur Glerárskóli

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áherslur þeirrar í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á **Aðalnámskrá grunnskóla vefang:** www.mrn.stjr.is. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrárgerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá.

Á unglingastigi í Glerárskóla er kennslan faggreinamiðuð. Skólasýn Glerárskóla, **hugur, hönd og heilbrigði** fléttast eftir föngum inn í kennsluna. Markvisst kemur þessi sýn fram í sameiginlegum viðburðum stigsins. Að hausti er farið í fjallgöngu, fótboltamót nemenda er haldið í Boganum, á þemadögum er skólasýnin höfð að leiðarljósi, farið er í skíðaferð ef unnt er, á árshátíð skólans bera nemendur á unglingastigi hita og þunga af undirbúningi og á vordögum eru útivistardagar þar sem nemendur koma að skipulagi.

Eineltisáætlun skólans, **Olweusaráætlunin**, er hluti af hefðbundnu starfi skólans. Fylgt er agastefnunni um **Jákvæðan aga**. Kennarar eru meðvitaðir um stefnuna og halda bekkjarfundi með bekkjum sínum. Markmið með bekkjarfundum er að móta og viðhalda bekkjaranda svo nám geti átt sér stað. Lagðar eru fyrir tengslakannanir í öllum bekkjum á unglingastigi að vori og hausti.

Námsmat: Hæfniviðmið eru grundvöllur fyrir námsmati. Inn í hæfnikortum sem finna má á Mentor eru hæfniviðmið sem unnið er út frá. Hæfnikortin veita upplýsingar um stöðu nemenda og eru aðgengileg inni á svæði hvers nemanda á Mentor. Hæfnikort inniheldur þau viðmið sem á að meta fyrir hverja námsgrein fyrir sig á einum stað þannig að hæfnikort nemenda eru hæfniviðmið skólans.

Kennarinn skipuleggur kennslu út frá hæfniviðmiðum og metur hvar hver nemandi er staddur.

Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 10. bekk er 37. Valgreinar eru 6 stundir.

Tölurnar í svigunum segja til um fjölda kennslustunda á viku í viðkomandi námsgrein.

Umsjónarkennarar í 10. bekk eru: Karen Jóhannsdóttir og Sveinn Leó Bogason

Kjarnagreinar

Íslenska (6)

Áfram er unnið að því að efla tök nemenda á íslenskunni á sem fjölbreyttastan hátt. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er íslenska ein heildstæð námsgrein sem á að fela í sér lestur og bókmenntaumuræðu, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun og stafsetningu auk málfræði. Stefnt er að því nemendur átti sig á því að góð þekking á móðurmálinu, eðli þess, sögu og sérkennum er þáttur í almennri grunnmenntun. Hér að neðan eru talin helstu áhersluatriði íslenskukennslunnar. Kennari setur upplýsingar um verkefni og námsmat í námslotum inn á Mentor. Mikilvægt er að hafa gott skipulag á námsgögnum og halda vel utan um öll verkefni. Allt skipulag og mikilvægur hluti á íslenskukennslunni fer fram á Google Classroom.

Lestur og bókmenntir:

- Getur beitt ólíkum lestraraðferðum.
- Þekkir algeng hugtök í bragfræði og getur greint þau í ljóði.
- Getur lesið og valið bækur við hæfi til yndislestrar og fjallað um þær.
- Getur lesið bókmenntatexta og unnið verkefni út frá honum er varða innihald; s.s. sögusvið, persónur, túlkun og boðskap.
- Getur lesið, túlkað og fjallað um fjölbreyttar íslenskar bókmenntir.
- Kynnist íslendingasögunum og eflist í lestri þeirra og umræðum.
- Getur sýnt fram á skilning á texta sem lesinn er.

Helsta námsefni: Akam, ég og Annika, Ljóð í tíunda, Laxdæla, kjörbækur og efni frá kennara.

Heimavinna: Lestur er mjög mikilvæg heimavinna og lögð er áhersla á heimalestur.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir íslensku. Námið fer fram í lotum og eru þau viðmið sem lögð eru til grundvallar í hverri lotu metin jafnóðum. Námsmat tekur mið af viðfangsefnum hverju sinni og má t.d. nefna kannanir, ritunarverkefni, hópverkefni, leiðsagnarmat, sjálfsmat og framsögn og tjáningu. Í lok annar er stefnt að annarprófi þar sem reynir á færni nemenda í þeim þáttum sem unnið hefur verið að á önninni.

Málfræði:

- Þekkir hætti og myndir sagna.
- Þekkir fallorð og helstu einkenni þeirra.
- Þekkir einkenni óbeygjanlegra orða og helstu undirflokka.
- Þekkir helstu setningarhluta.
- Getur greint texta í orðflokka.
- Getur flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.
- Þekkir og áttar sig á skyldleika íslensku við önnur mál og áttar sig á að tungumál (þ.m.t. íslenska) breytist ávallt.

Helsta námsefni: Málfræðivefur Málið í mark, Finnbjörg, Gullvör og efni frá kennara.

Heimavinna: Málfræðiverkefni gæti þurft að vinna heima ef nemendur ljúka ekki því efni sem unnið er að í skólanum.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir íslensku. Námið fer fram í lotum og eru þau viðmið sem lögð eru til grundvallar í hverri lotu metin jafnóðum. Námsmat tekur mið af viðfangsefnum hverju sinni og má t.d. nefna kannanir, ritunarverkefni, hópverkefni, leiðsagnarmat, sjálfsmat og framsögn og tjáningu. Í lok annar er stefnt að annarprófi þar sem reynir á færni nemenda í þeim þáttum sem unnið hefur verið að á önninni.

Ritun:

- Getur byggt upp ritun í röklegu samhengi.
- Getur byggt upp ritgerð með forsiðu, efnisyfirliti, inngangi, meginmáli, lokaorðum og heimildaskrá.
- Þekkir setningu, málsgrein, efnisgrein og greinarmerki og beitir rétt í ritun.
- Getur viðað að sér upplýsingum úr ýmsum áttum og beitt gagnrýnni hugsun.
- Getur beitt reglum um rétttritun og hefur náð góðu valdi á stafsetningu.

- Getur leitað eftir og nýtt sér áreiðanlegar heimildir.
- Getur skráð heimildaskrá.
- Getur byggt upp fjögurra blaðsíðna heildstæða heimildaritgerð og vitnað rétt í fjórar heimildir, bæði beinar og óbeinar.
- Getur tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, s.s skrifað sögu.

Helsta námsefni: Ritunarbókin, Finnbjörg og efni frá kennara.

Heimavinna: Alltaf er mælt með að ritunarverkefni séu lesin yfir í rólegheitum og upplagt er að fá einhvern sem maður treystir til þess.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir íslensku. Námið fer fram í lotum og eru þau viðmið sem lögð eru til grundvallar í hverri lotu metin jafnóðum. Námsmat tekur mið af viðfangsefnum hverju sinni og má t.d. nefna kannanir, ritunarverkefni, hópverkefni, leiðsagnarmat, sjálfsmat og framsögn og tjáningu. Í lok annar er stefnt að annarprófi þar sem reynir á færni nemenda í þeim þáttum sem unnið hefur verið að á önninni.

Talað mál og hlustun:

- Getur kynnt verkefni munnlega og svarað spurningum um verkefnið.
- Getur hlustað af athygli á aðra og sýnt virðingu og tillitssemi.
- Getur hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli, myndefni eða rafrænu efni og gert grein fyrir skoðun sinni á því.
- Tekur þátt í umræðum og getur gert grein fyrir skoðun sinni.
- Þjálfist í góðri framsögn og framburði með tilliti til viðeigandi talhraða, tónfalli, hrynjanda og fasi.
- Leggur sitt af mörkum í hópavinnu og vinnur vel með öðrum.
- Sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum.

Helsta námsefni: Ljóð í tíunda, Bragfræði og ljósrít frá kennara.

Heimavinna: Æfing í túlkun og tjáningu.

Námsmat: Fléttast inn í kennslu og námsmat. Nemendur eru hvattir til þess að tjá sig og færa málefnaleg rök fyrir skoðunum sínum og þegar það á við að standa skil á vinnu sinni með munnlegum skilum.

Kennari: Guðrún Hanna Sigurjónsdóttir

Stærðfræði (5)

Helstu áhersluatriði: Tölur og talnafræði, líkindareikningur, rúmfræði, algebra, jöfnur, prósentur, hornafræði, pýþagóras o.fl. auk upprifjunar 8.– 10. bekkja námsefnis.

Helsta námsefni: Skali 3 A og B. Allt með tölu, Átta-tíu 5 og 6, Almenn stærðfræði I og II og III til upprifjunar.

Heimavinna: Moodle heimanáms pakki vikulega og auk þess einstaka sinnum heimanám úr því efni sem farið er yfir þá stundina. Allt heimanám er skráð á Mentor.

Námsmat: Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir stærðfræði. Námið fer fram í lotum og eru þau viðmið sem unnið er með í hverri lotu metin jafnóðum. Námsmat tekur mið af viðfangsefnum hverju sinni, má t.d. nefna kannanir, líkindareikningi, persónuleg

fjármál, rúmfræði og algebra. Eftir hvern kafla er próf og í lok annar er annarpróf þar sem reynir á færni nemenda í þeim þáttum sem unnið hefur verið að á önninni.

Kennari: Sveinn Leó Bogason.

Enska (4)

Helstu áhersluatriði: Að auka markvisst orðaforða nemenda og efla lesskilning þeirra. Að þjálfar nemendur í að hlusta og skrifa á ensku og örva þá í að tala tungumálið. Bætt er við og byggt ofan á þá málfræðikunnáttu sem fyrir er. Auk þess kynnast nemendur enskumælandi löndum og þeirra menningu.

Helstu áhersluatriði í hlustun:

- Að nemendur geti skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega
- Að nemendur geti skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi
- Að nemendur geti fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og í kvikmyndum sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt

Helstu áhersluatriði í lesskilning:

- skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra
- fundið lykilupplýsingar í texta
- Að nemendur geti skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra
- Að nemendur geti fundið lykilupplýsingar í texta
- Að nemendur geti lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki

Helstu áhersluatriði í ritun:

- Að nemendur geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir
- Að nemendur geti beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt
- Að nemendur geti sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með
- Að nemendur geti samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.

Helstu áherslu atriði í töluðu máli:

- Að nemendur geti sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðu hæfur um efni sem hann þekkir vel
- Að nemendur geti beitt máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi
- Að nemendur geti skilið og notað algengustu orðasambönd daglegs máls
- Að nemendur geti notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum
- Að nemendur geti undirbúið, tekið og veitt viðtal.
- Að nemendur geti flutt einfalda, undirbúna kynningu náminu
- Að nemendur geti flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Helsta námsefni: Lögð verður áhersla á verkefnavinnu nemenda bæði í hóp og einstaklings. Ein léttlestrarbók verður lesin á hverri önn og verkefni unnin úr henni. Einnig verður horft á kvikmyndir, myndbönd og fleira. Horft er á eina til tvær kvikmyndir á önn og verkefni unnin úr henni.

Heimavinna: Verkefni sem ekki eru kláruð í skólanum skulu unnin heima.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Símat, þar sem kennari metur þá færniþætti sem markmiðin segja til um. Lestur og ritun, hlustun og talmál eru þau atriði sem mest er skoðað við námsmat. Mat á formlegri tjáningu og samskiptum fer einnig fram. Vinna nemenda heima og í kennslustundum er metin auk prófs í lok annar. Einnig verður notað sjálfsmat og jafningjamat.

Skipulag kennslu: Nemendur vinna ýmist einstaklingslega, í pörum eða hópum. Áhersla lögð á samvinnu og að nemendur hjálpist að og bæti þannig hvern annan upp. Mistök eru eðlilegur þáttur í tungumálanámi og meira atriði er að reyna en að gefast upp við að segja eða gera eitthvað vitlaust. Nemendur gera myndbönd á ensku. Árinu er skipt upp í þemu sem tengjast áhugamálum nemenda. Áhersla er lögð á að nemendur læri að vinna sjálfstætt sem og í hóp og að skil verkefna séu sem fjölbreyttust.

Kennari: Karen Jóhannsdóttir

Danska (3)

Dönskunám í grunnskólum hefur því hlutverki að gegna að veita okkur aðgang að norrænu málsamfélagi og innsýn í norræna menningu.

Helstu áhersluatriði:

- Auka markvisst við orðaforða nemanda.
- Nemendur geti skilið og myndað setningar, geti óundirbúið tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir.
- Nemendur geti sagt frá sjálfum sér, persónulegum högum og lífnaðarhátum fólks.
- Nemendur geti leitað að upplýsingum og skilið megininntak texta og nýtt sér það til frekari vinnu.
- Nemendur geti skrifað lengri samfelldan texta fyrirhafnalítið.
- Markvissri málfræðikennslu haldið áfram.
- Getur hlustað eftir tilteknum upplýsingum í samtali eða frásögn.
- Getur skilið megininntak í smásögum sem eru ætlaðir eru unglingum og haldið þræði án þess þó að skilja hvert orð.
- Getur skrifað lengri samfelldan texta, endursögn eða frásögn út frá myndum.

Helsta námsefni: Smil lesbók og vinnubækur. Ekko lesbók og vinnubækur. Léttlestrarbækur og aðrar textagerðir. Þáttaraðir frá DR1 og fleiri miðlum.

Heimavinna: Heimavinna felst í undirbúningi fyrir kennslustundir, lestri, glósum, verkefnavinnu og ritun.

Námsmat: Um er að ræða fjölbreytt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Verkefni verða unnin einstaklingslega, para og hópavinnu. Nemendur fá tækifæri til að vera með sjálfsmat og jafningjamat. Heimavinna nemenda og iðjusemi í kennslustundum er metin, munnlegt próf, stuttar kannanir ásamt annarprófum.

Kennari: Arna Ýr Guðmundsdóttir

Náttúrufræði (3)

Helstu umfjöllunarefni: Í líffræði er vistfræði og umhverfi í brennidepli og hringrás efna í náttúrunni skoðuð. Einnig er farið í sögu erfðafræðinnar, helstu hugtök í sambandi við erfðir manna, nýjungar í erfðafræði og þróun lífsins. Í eðlis- og efnafræði er áhersla á kjarneðlisfræði, frumefni, Lotukerfið, orkuöflun mannkyns og sólkerfið. Vísindaleg aðferð er kennd og skýrslugerð. Vettvangsferðir um nágrennið eru liður í grenndarfræði.

Námsefni: *Maður og náttúra, Eðlisfræði 3, Efnisheimurinn, veraldarvefurinn, myndbönd og efni frá kennara.*

Heimavinna: Heimavinna felst að mestu í lestri í námsbók til að undirbúa næstu kennslustund og ljúka við verkefni/sjálfspróf sem ekki náðist að ljúka við í skólanum.

Leiðir að markmiðum/kennsluaðferðir: Með samræðum, hópa- og paravinnu er lögð áhersla á að þjálfra lykilhæfni nemenda með áherslu á samvinnu, sjálfstæði og gagnrýna hugsun auk færni í að afla sér fróðleiks og nýta sér upplýsingar af vef og úr bókum. Leitast er við að hafa leiðir sem fjölbreyttastar og nýta til þess aðgengilegt efni úr upplýsingatækni og forritum.

Námsmat: Öll vinna er metin m.t.t. hæfniviðmiða og lykilhæfni aðalnámskrár. Við matið er horft til vinnu við verkefnabækur, einstaklings-, hópa- og samvinnuverkefni, próf úr helstu hugtökum námsefnis og við umræður í kennslustundum. Allt námsmat er skráð í Mentor.

Kennari: Sigríður Víkingsdóttir.

Samfélagsfræði (2)

Helstu áhersluatriði:

- Nemendur átti sig á og vinni með sjálfsmynd sína.
- Nemendur þekki réttindi sín og skyldur.
- Nemendur læri að beita gagnrýninni hugsun og verði læs á fjölmiðla.
- Nemendur kynnist hugtökunum lýðræði, menning og samfélag.
- Nemendur kynnist íslenska stjórnkerfinu og dómskerfinu – viðmiðum og frávikum.
- Nemendur þekki til alþjóðasamfélagsins og mannréttinda
- Nemendur átti sig á félagsmótun og samskiptum við aðra.
- Nemendur kynnist hinum ýmsu trúarbrögðum
- Nemendur eru vaktir til umhugsunar um stöðu sína, ábyrgð og tækifæri í þjóðfélaginu.
- Nemendur kynnist völdum atburðum sögunnar á síðari hluta 20. aldar

Helsta námsefni: *Á ferð um samfélagið, fjölmiðlar/dagblöð og samfélagsmiðlar, Frelsi og velferð.*

Heimavinna: Lestur námsbóka og verkefnavinnu. Öll heimavinna er skráð í Mentor.

Námsmat: Öll vinna er metin m.t.t. hæfniviðmiða og lykilhæfni aðalnámskrár. Við matið er horft til vinnu við einstaklings-, hópa- og samvinnuverkefni auk prófa og þátttöku í kennslustundum. Allt námsmat er skráð í Mentor og nemendur fylgjast með og kvitta fyrir stöðu verkefna þar.

Kennari: Ragnar Logi Búason.

Jákvæður agi -Lífsleikni (1)

Helstu áhersluatriði: Í þessum tímum eru haldnir bekkjarfundir og unnið að ýmsum verkefnum sem tengjast Jákvæðum aga. Fjallað verður um siðferðileg málefni og ýmis átakamál í lífi unglingsins. Enn fremur um hin ýmsu svið mannlægs lífs. Hverjum nemanda er gert að svara því hvers konar lífi hann vilji lifa og átta sig á því hvaða lífsleiðir standa til boða. Nemendur taka þátt í umræðum þar sem unnið verður eftir kennsluaðferðum heimspekilegrar samræðu. Umferðarfræðsla er hluti af lífsleikninni.

Helsta námsefni: Verkfæri jákvæðs aga. Samgöngustofa.is – fræðsla. Umferðarvefurinn. Umferd.is/kennarar. Umferd.is/nemendur.

Námsmat: Umsagnir í foreldraviðtölum um samskipti, virkni í verkefnum og umræðum. Sjálfsmat nemenda um eigin verkefni og samskipti.

Kennarar: Karen Jóhannsdóttir

Umsjón (1)

Helstu áhersluatriði: Í umsjónartímum fá umsjónarkennarar tækifæri til að vinna með og ræða við nemendur sína um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni í skólastarfinu, það sem vel er gert og það sem betur mætti fara. Tímarnir eru jafnframt notaðir til undirbúnings og skipulags ýmissa verkefna sem 10. bekkur þarf að sinna.

Kennarar: Umsjónarkennarar.

Skólaíþróttir

Helstu áhersluatriði: Fjölbreytt þjálfun sem nær til alhliða heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina sem gera þá sem mest sjálfstæða við eigin þjálfun. Þjálfar nemenda í að setja sér eigin markmið, skýra þjálfunaraðferðir og mæla eigin afkastagetu.

Leiðir: Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar þolæfingar, styrktaræfingar, liðleikaæfingar, boltaleiki sem og leiki. Nemendum er skylt að koma með íþróttaföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Æskilegt er að nemendur séu í skóm. Ef nemendur geta ekki tekið þátt í íþróttum verða foreldrar/forráðamenn að senda tölvupóst á netfang íþróttakennara þar sem ástæður forfalla koma fram, annars er um fjarvist að ræða. Nemendur eru ekki í leyfi frá tímanum heldur fara út að ganga ákveðna vegalengd og sýna að því loknu staðfestingu á því. Þetta á einnig við um nemendur sem gleyma íþróttafötum.

Námsgögn: Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námsstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennarar: Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason.

Skólasund

Helstu áhersluatriði: Fjölbreyttir sundtímar þar sem vatnið er notað til alhliða heilsuræktar og kynna aðferðir sundþjálfunar. Aukið vægi björgunar í vatni, troða marvaða, bjarga félaga upp á bakka og björgunarsund með félaga. Æskilegt er að nemendur klæðist sundskýlum og sundbolum, en ekki stuttbuxum og bikiní þar sem slíkur klæðnaður hamlar sundfærni. Mikilvægt að muna eftir sundgleraugum og hártægjum. Ef nemendur geta ekki tekið þátt í sunni verða foreldrar/forráðamenn að senda tölvupóst á netfang íþróttakennara þar sem ástæður forfalla koma fram, annars er um fjarvist að ræða. Nemendur eru ekki í leyfi frá tímanum heldur fara út að ganga ákveðna vegalengd og sýna að því loknu staðfestingu á því. Þetta á einnig við um nemendur sem gleyma sundfötum.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennarar: Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason

Myndmennt

Helstu áhersluatriði: Hugur - Hönd - Heilbrigði. Áhersla er lögð á að þjálf huga og hönd til skapandi starfs. Nemandinn byggir eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu. Hann nýtir mismunandi leiðir í eigin sköpun og eflir persónulega útfærslu hugmynda. Hann hagnýtir þá leikni sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt verkefni. Nýtir í eigin sköpun grunnþætti myndlista, einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingu. Kynnir sér ólíka listastíla myndlista og vinnur verkefni tengd því. Hann eflir læsi á umhverfi sitt og myndmál í umhverfinu og yfirfærir sjónræna upplifun sína yfir á myndflöt. Sýnir vinnuferli frá hugmynd að myndverki. Sýnir frumkvæði og persónulega útfærslu hugmynda, notar mismunandi efni, verkfæri og miðla á markvissan hátt. Lærir um ólíka greinar sjónlista og mismunandi tilgangi myndlista og hönnunar. Nemandur vinna sjálfstætt og taka jafnframt þátt í ýmsum samstarfsverkefnum. Þeir sýni þrautseigju og eflir vitund um vönduð vinnubrögð. Þeir verði meðvitaðir og ábyrgir í eigin framgöngu og geri alltaf sitt besta. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti, góða umgengni um efni og áhöld og frágang á vinnusvæði.

Námsefni og kennslugögn: Kennslugögn og námsefni frá kennara, sem unnið er upp úr ýmsum vefsíðum, bókum og fræðum sem byggja m.a. á teikniþroska, hugmyndavinnu, skapandi nálgun, grunnþáttum fagsins, sögulegu samhengi, kennslufræði myndlista, upplýsingatækni og aðferðum greinarinnar. Einnig er þegar það á við leitað fanga á gagnvirkum síðum Námsgagnastofnunar og öðrum síðum þegar það á við. Unnið er með hugmyndafræði myndlæsis, bæði til tjáningar og kynningar á listasögu. Reynt er að gæta fjölbreytni í viðfangsefnum og taka mið af áhugasviði hvers og eins eftir því sem hægt er til að gera námið áhugaverðara.

Helstu kennsluáðferðir: Stuttir fyrirlestrar og kynning við upphaf nýrra verkefna, sýnikennsla, einstaklingsleiðsögn, verklegar æfingar, samvinna og umræður.

Á námsvegg og í markmiðum með hverju verkefni hafa nemendur leiðbeiningu um hvað, af hverju og hvernig hægt er að ná árangri.

Námsmat: Leiðsagnarmat. Námsmat er unnið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem einfölduð hafa verið í námsviðmið til að gera matið skilvirkara þegar hæfni nemenda er metin. Aðallega er horft til vinnuferlis en að einhverju leyti tekið mið af afrakstri vinnunnar, sjálfsmati og framförum nemenda. Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu. Námsviðmið koma fram á

hæfnikorti nemandans á Mentor. Námsveggur gefur nemendum glögga mynd af hæfniviðmiðum og framvindu námsins.

Kennari: Elsa María Guðmundsdóttir

Heimilisfræði

Í heimilisfræði eru órjúfanleg tengsl milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Til að styrkja þessi tengsl er mikilvægt að samþætta kennslu í matreiðslu og næringarfræði. Heimilisfræði er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, hagsýni og nýtni. Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með markvissri fræðslu um hollustu og heilbrigði, opinber manneldismarkmið og kenna nemendum að vera læsir á upplýsingar í umhverfinu sem snerta heilsufar.

Markmið:

- Að nemendur fái þjálfun í að matreiða fjölbreyttan og góðan hversdagsmat.
- Geti beitt helstu matreiðsluaðferðum á sjálfstæðan hátt (suða, steiking, bakstur) og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld.
- Hafi tileinkað sér góða vinnutækni og rétta líkamsbeitingu.
- Nemendur þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskriftum og geti nýtt sér þá tækni sem námsgreinin býr yfir.
- Þjálfist í að vinna með öðrum og sýna öðrum virðingu.
- Nemendur sýni frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á sínu vinnusvæði.
- Verða læs á umbúðamerkingar matvæla.
- Rifji upp geymsluaðferðir matvæla og kunni skil á skaðsemi mismunandi örvera.
- Nemendur þekki helstu næringarefni fæðunnar og hlutverk þeirra og sjúkdóma sem stafa af röngu mataræði.
- Kunni skil á allri flokkun sem kemur frá eldhúsi og séu meðvitaðir um umhverfisvernd.
- Geti sagt frá og matbúið ýmsa þjóðarétti.

Skipulag kennslu/kennsluaðferðir: Útlistunarkennsla, sýnikennsla, hópavinna, samvinnunám, einstaklingskennsla. Nemendur vinna 2-4 saman í hóp og þurfa að vinna sameiginlega að ákveðnum verkefnum þar sem allir eiga að taka virkan þátt. Leitast er við að hafa hráefnisval og verkefni fjölbreytt.

Námsefni/ kennslugögn: Námsefnið eru uppskriftir og fyrirlestur frá kennara.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá í heimilisfræði og sameiginlegum hæfniviðmiðum fyrir list og verkgreinar og metið samkvæmt því. Leiðsagnarmat fer fram alla önnina sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan á námi stendur.

Kennari: Ingibjörg Björnsdóttir

Hönnun og smíðar

Hæfniviðmið, að nemandi geti:

- Valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra.
- Sagt frá mikil vægi verkþekkingar í nútímasamfélagi.
- Útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu.
- Unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað.
- Framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skráfun.
- Hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu.
- Sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu.
- Gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.
- Greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval.
- Gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra.
- Beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.

Námsefni

Bækur, blöð og vefsíður

Kennsluhættir:

Innlögn, sýnikennsla, verklegar æfingar.

Námsmat: Byggt er á leiðsagnarmati þar sem skoðað er hvar nemandinn er staddur í námi sínu, hvert hann stefnir og þá hvernig best sé að standa að þeim aðgerðum. Þetta stuðlar að sjálfstæði nemenda og eflir skilning á markmiðum.

Kennari : Ólafur Viðar Hauksson

Textílmennt

Helstu áhersluatriði: Nemendur geti beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinn og hafa tileinkað sér hugtök og undirstöðuatriði textíl greinarinnar. Nemendur vinni eftir leiðbeiningum frá kennara og áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér sjálfstæði í vinnubrögðum.

Verkefnin byggjast á sjálfstæðri vinnu nemenda á grundvelli fyrri náms og áhersla er lögð á persónulegar útfærslur á verkefnum.

Kennsluhættir: Námið er miðað við að auka færni nemandans og efla hjá honum þekkingu og skilning á sem flestum þáttum greinarinnar. Tekið er mið af skólasýn Glerárskóla, hugur - hönd - heilbrigði þar sem m.a er lögð áhersla á að nemendur þjálfí verklega hæfni, geri tilraunir og þrói hugmyndir sínar. Stuttir fyrirlestrar við upphaf verkefna, sýnikennsla, einstaklings leiðsögn, verklegar æfingar.

Námsefni: Tölva og internet, fagbækur af öllu tagi auk fjölbreyttra verkefna frá kennara.

Uppskriftir, snið og verkefnablöð.

Námsmat: Námsmat byggir á markmiðum í skólanámskrá/Aðalnámskrá grunnskóla, þar sem lagt er mat á hvort nemandi hafi náð settum markmiðum auk annara þátta, og þau viðmið koma fram á hæfnikorti nemandans í Mentor.

Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu og byggir það á vinnuferli, þ.e. vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, umgengni, og framkomu auk þess sem afrakstur vinnunnar er metinn.

Kennari: Soffía Margrét Hafþórsdóttir